

Sp. 354. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um slysa-, líf- og örorkutryggingar þeirra sem að almannavörnum og björgunarstörfum vinna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Guðmundur Karlsson, Matthías Bjarnason, Albert Guðmundsson, Ólafur G. Einarsson, Jósef H. Þorgeirsson, Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Lárus Jónsson, Halldór Blöndal, Matthías Á. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttir, Sverrir Hermannsson, Egill Jónsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita hagkvæmustu leiðar til að koma á sérstakri líf-, slysa- og örorkutryggingu fyrir alla þá sem kallaðir eru til starfa að almannavörnum og vinna sjálfbodastörf á vegum björgunar- og hjálparsveita við leit og björgun manna sem í háska eru staddir. Sérstaklega skal athuga hvort slíkri tryggingu verði ekki best fyrir komið hjá Viðlagatryggingu Íslands.

Skal ríkisstjórnin leggja fram skýrslu um árangur og tillögur um slíkar tryggingar fyrir næsta reglulegt Alþingi er það kemur saman.

Greinargerð.

Enginn, sem þekkir til, mun draga í efa að fiskimiðin við Ísland eru meðal erfiðustu og hættulegustu fiskimiða sem til eru.

Pegar þessi staðreynd er höfð í huga er ljóst að íslenskir sjómenn hafa ekki náð þeim árangri að setja ítrekað ný afkastamet, sem eru á heimsmælikvarða, nema til hafi komið burðarmikil skip búin nýjasta tæknibúnaði hverju sinni, gjöful fiskimið samfara mjög harðri sjósókn, oft í misjöfnum og hættulegum veðrum.

En þessari hörðu sókn og hættulega vinnuumhverfi hefur fylgt mikil slysatíðni.

Dauðaslys úr röðum íslenskra sjómanna eru svo árviss, að á ákveðnu árabili má benda á fjölda látinna af þessum sökum sem marktækt hlutfall af fjölda þeirra sem sjósókn hafa að atvinnu á Íslandi.

Þessi staðreynd er þeim vel ljós, sem að atvinnuveginum starfa, sjómönnum og útgerðarmönnum.

Til viðbótar samtökum þeirra hafa stjórnvöld á hverjum tíma ásamt Alþingi komið til aðstoðar á mörgum sviðum til lausnar ýmissa félagslegra og efnahagslegra vandamála sem þessu eru samfara, svo og við setningu laga og reglna sem stuðla að auknu öryggi sáfara.

Ef reynt er að flokka það, sem gert hefur verið til að draga úr tíðni slysa og dauðaslysa meðal sjómanna, má gera það í grófum dráttum þannig:

- með auknum og bættum öryggisútbúnaði um borð í skipunum,
- með aðgerðum stjórnvalda og löggjafans og
- með starfi skipulagðra og æðra björgunarsveita.

Það eru ótrúlega mörg mannlíf sem bjargað hefur verið á liðnum árum af skipulögðum björgunarsveitum.

Langelst og þekktast er Slysavarnafélag Íslands, sem er samnefni sjálfstæðra sveita sem starfa um allt land. Slysavarnafélagið hefur skilað ótrúlega miklu og jákvæðu starfi allt frá því að það var stofnað. Sumar björgunarsveitir þess hafa unnið afreksverk sem í minnum verða höfð meðan sjór verður sóttur frá Íslandi.

Á síðustu árum hafa bæst í hópinn nýir aðilar, sem þegar hafa skilað þýðingarmiklu starfi og margoft sannað þörfina með jákvæðum árangri við leit, almenna hjálp og björgun á landi.

Sveitir þessar eiga það sameiginlegt að vera vel skipulagðar og þrautþjáfaðar. Má t. d. nefna auk sveita Slysavarnafélagsins flugbjörgunarsveitir, hjálparsveitir skáta og sveitir almannavarna, en þær skarast af hinum fyrrnefndu.

Rétt er að minnast hér á hið þýðingarmikla og heillaríka starf Landhelgisgæslunnar að björgunar- og slysavarnamálum. Þótt ekki sé um bein sjálfbodastörf að ræða að öllu jöfnu leggja starfsmenn hennar iðulega líf sitt í hættu í starfi að þessum málum. Er ekki óeðlilegt að hlutur þessara starfsmanna ríkisins sé kannaður sérstaklega þegar tryggingar björgunarmanna eru til umræðu.

Lítillmannlegt og ódrengilegt væri í slíkri upptalningu að benda ekki á gæfuríkt hjálparstarf flugbjörgunarsveitar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Þáttur hennar í slysavörnum og neyðarhjálp hér á landi, við strendur landsins og á úthafinu hefur verið svo stór að hann verður seint ofmetinn.

Björgunarsveitirnar eru að langmestu leyti skipaðar sjálfbodaliðum og fara æfingar og fræðsla fram utan venjulegs vinnutíma (þeirra), en neyðarkalli er sinnt hvenær sem það berst.

Auk hinna skipulögðu sveita koma oft við sögu og eru kallaðir til einstaklingar sem ekki eru meðlimir þeirra.

Það er um þessa aðila og sjálfbodaliða þessara sveita, stöðu þeirra og rétt til sérstakra slysa-, líf- og örorkutrygginga sem þingsályktunartillaga þessi fjallar.

Á mjög stuttum tíma hafa orðið tvö sjóslys, sem flm. þessarar þáttill. hafa kynnt sér, sem bæði hvetja til þess, að Alþingi láti til sín taka og setji lög um sérstaka slysa-, líf- og örorkutryggingu þeirra sem setja líf sitt í hættu við að bjarga öðrum og eru ekki tryggðir sérstaklega í starfi sínu vegna þess.

Fyrri slysið varð við England fyrir skömmu er björgunarbátur fórst með allri áhöfn, en hún vann að björgun skipverja á skipi sem var að reka upp í klettótta strönd Suður-Englands við Landsend, þar sem það fórst með allri áhöfn.

Hið síðara var hið hörmulega slys er belgíski togarinn Pelagus fórst við Heimaey í Vestmannaeyjum og með honum tveir skipverjar ásamt tveim heimamönnum sem unnu að björgun skipbrotsmanna.

Þegar slíkir og skyldir atburðir gerast spyrja menn hver hin tryggingarlega staða björgunarmanna sé undir slíkum kringumstæðum. Það er löngu vitað að störf björgunarmanna eru oft og tíðum hættuleg, unnin við hin verstu skilyrði og setja þeir, sem þar eiga hlut að máli, líf sitt iðulega í hættu.

Eins og er munu flestar skipulagðar björgunarsveitir kaupa mönnum sínum tryggingu og greiða fyrir af ráðstöfunarfé sínu.

Umráðafé sveitanna til rekstrar og tækjakaupa er að langmestu leyti fengið að ýmsum söfnunarleiðum, en til viðbótar veitir Alþingi þeim nokkurn styrk til tækjakaupa, sem er um leið hvatning og óbein viðurkenning til þessara aðila fyrir fórnfúst starf þeirra.

Í lögum um ýmis hættustörf eru ákvæði þess efnis, að verði maður fyrir meiðslum eða tjóni á hann rétt á bótum. Nokkur hluti björgunarsveita fellur undir slík ákvæði, aðrir ekki.

Flutningsmenn telja tímabært að viðurkenna mikilvægi þeirra starfa, sem björgunar-, hjálpar- og leitarsveitir landsmanna og aðrir, sem til eru kallaðir, inna af hendi í þágu slysavarna og björgunarstarfa.

Viðlagatrygging tryggir gegn tjónum sem verða vegna náttúruhamfara. Í langflestum tilfellum eru björgunarmenn kallaðir til undir slíkum kringumstæðum.

Flutningsmenn telja eðlilegt að athuga hvort slíkri tryggingu verði ekki best fyrir komið á vegum Viðlagatryggingar Íslands.